

REFUR

Refur er smágert rándýr, oft mórautt eða hvítt. Hann hefur verið á Íslandi í árþúsundir og er eina spendýrið sem var á Íslandi fyrir landnám.

Refur gengur einnig undir heitunum melrakki, tófa, skolli og lágfóta. Karldýrið er kallað steggur eða refur og kvendýrið læða. Afkvæmi refsins nefnist yrðlingur.

